

Fylgiskjal II.

108

8. maí

Í sambandi við undirskriftina í dag undir samninginn milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um erfðir og skipti á dánarbúum hafa umboðsmenn samningsríkjanna gert eftirfarandi yfirlýsingu:

Samningsríkin eru ásátt um, að beiðnir um upplýsingar um efni laga, sem í gildi eru í einhverju ríkjanna, skuli sendar af hlutaðeigandi dóms- eða utanríkismálaráðuneyti, og ef spurt er um dönsk, finnsk, íslensk eða norsk lög, þær sendar til dómsmálaráðuneytisins, en ef spurt er um sænsk lög, til réttardeildar utanríkismálaráðuneytisins (Utrikesdepartementets Rättsavdeling). Upplýsingar skal alltaf gefa að svo miklu leyti sem skýr lagafyrirmæli eru fyrir hendi, og að öðru leyti eftir því, sem ástæður leyfa.

Kaupmannahöfn, hinn 19. nóvember 1934.

(Undirskriftir.)

L Ö G

109

18. maí

um framlenging á gildi laga um verðtoll og bráðabirgðaverðtoll.

Vér Christian hinn Tiundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Lög nr. 47 15. júní 1926, um verðtoll af nokkrum vörum, lög nr. 5 3. apríl 1928, um breyting á þeim lögum, með þeim breytingum, sem leiðir af lögum nr. 11 2. júní 1933, svo og lög nr. 11 2. júní 1933, um bráðabirgðaverðtoll, skulu gilda til ársloka 1936.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 18. maí 1935.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.